Nr. 5.
22.
maí.

# Boðskapur konungs

til

alþingis.

**Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Vora konunglegu kveðju!

Vjer færum alþingi hjartanlega þökk Vora fyrir þann vott um hollustu við Oss og Vort konunglega hús, sem kemur fram í ávörpum þeim, er báðar þingdeildir hafa tjáð Oss.

Fyrir viðleitni Vorrar stjórnar var gjörður verzlunar- og sjófarasamningur við Spán í Kaupmannahöfn hinn 29. dag marzmánaðar 1884, þar sem og var gætt hagsmuna Íslands. Því miður hefur samningur þessi eigi náð gildi vegna tálmana, er gjörðar hafa verið máli þessu frá hálfu ríkisþings Vors.

Apturför sú, er orðið hefur á almennri velmegun fyrir hallærisárin, lýsir sjer og í miður góðu fjárhagsástandi, er kemur fram í frumvarpi Vorrar stjórnar til fjárlaga fyrir 1886 og 1887. En Vjer höfum örugga von um, að landsmönnum muni takast með sparsemi, iðni og atorku að efla framfarir átvinnuvega landsins, og fá þannig fjármissi sinn bættan innan skamms.

Með því að stofnun banka, er ætti við hag Íslands, mun vera öflugt meðal, til að efla atvinnuvegina, felum Vjer alþingi sjerstaklega til íhugunar lagafrumvarp um stofnun landsbánka, er stjórn Vor mun leggja fyrir þingið.

Með lagafrumvarpi þessu og ýmsum öðrum frumvörpum, hefur stjórn Vor leitast við að verða við óskum þeim, er komið hafa fram á hinu síðasta alþingi.

Með innilegri ósk um að starfi Alþingis verði landinu til hamingju og blessunar heitum Vjer alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

*Ritað á Amalíuborg, 22. maí 1885.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

# Allerhøieste Budskab

til

## Althinget.

Nr. 5.
22de
Mai.

**Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg.

Vor Kongelige Hilsen.

Vi bringe Althinget Vor hjertelige Tak for de Beviidnelser af Hengivenhed for Os og Vort Kongelige Hus, der indeholdes i de Adresser som begge dets Afdelinger have henvendt til Os.

Ved Vor Regjerings Bestræbelser blev der den 29de Marts 1884 i Kjøbenhavn afsluttet en Handelstraktat og en Søfartstraktat med Spanien, hvorved ogsaa Islands Tarv var varetaget. Til vor Beklagelse ere disse Traktater ikke traadte i Kraft paa Grund af Hindringer som denne Sag har mødt fra Vor Rigsdags Side.

Den ved Misværtaarene bevirkede Tilbagegang i den almindelige Velstand, har givet sig Udtryk ogsaa i det mindre gunstige Resultat, som Vor Regjerings Forslag til Finantslov for 1886 og 1887 udviser. Vi nære imidlertid det tillidsfulde Haab, at det ved Befolkningens Sparsommelighed og Flid og ved ufortrødent Arbejde for at fremme Udviklingen af Landets Næringsveje, vil lykkes snart at indvinde de lidte Tab.

Da Oprettelsen af et til Islands Forhold passende Bankinstitut vil kunne være et virksomt Middel til Næringsvejenes Opkomst, anbefale vi til Althingets særlige Opmærksomhed det Forslag til Lov om Oprettelsen af en Landsbank, der vil blive fremsat fra Vor Regjerings Side.

Ved dette Lovforslag saavelsom ved adskillige andre Forslag, der ville blive Althinget forelagte har Vor Regjering bestræbt sig for at imødekomme Ønsker, der have lagt sig for Dagen i Althingets sidste Samling.

Med det inderlige Ønske, at Althingets Gjerning maa blive til Lykke og Velsignelse for Landet, forblive Vi Althinget i Kongelig Naade bevaagen.

**Givet paa Amalienborg, den 22de Mai 1885.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*